

Grikkir eru ekki sjálfstæð þjóð

Eftir Styrmi Gunnarsson

Grikkir eru ekki sjálfstæð þjóð. Þeir hafa að vísu málfrelsi við borðið í Brussel, sem íslenskir aðildarsinnar að ESB leggja svo mikið upp úr en á þá er ekki hlustað og orð þeirra hafa engin áhrif.

Einhverjir kunna að segja, að þeir geti sjálfum sér um kennt vegna spillingar sem m.a. kemur fram í því að þeir borga helzt ekki skatta ef þeir komast hjá því en á móti kemur að það er ekki einleikið hvað Miðjarðarhafsríkin hafa farið illa út úr evrusamstarfinu. Það á við um Ítali, Spánverja og Portúgala. Þótt stjórnvöld á Spáni telji sig hafa náð miklum árangri er ljóst að það er ekki upplifun almennings á Spáni.

Atburðarás síðustu daga og vikna í samskiptum Grikkja og annarra evruríkja sýnir að þeir ráða hvorki fjármálum sínum eða öðrum málum. Þeir verða að leggja allar aðgerðir sínar í ríkisfjármálum undir Brussel, sem leggur mat á það hvort þær aðgerðir samræmast lánaskuldbindingum þeirra.

Það er gagnlegt fyrir fólk hér á Íslandi að fylgjast með þessum samskiptum. Þau sýna að það er ekkert að marka málflutning aðildarsinna að ESB hér, sem segja að það skipti svo miklu máli að hafa rödd við borðið.

Sú rödd skiptir Grikki engu máli.

Hún er bara til málamynda.